

III. Dagskrárliður 4. - Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum

Tillaga: „Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 18. mars 2022 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 280.645.120 að nafnvirði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 2.964.414.740 að nafnvirði í kr. 2.683.769.620 að nafnvirði.“

Greinargerð: Á aðalfundi Sýnar hf. þann 19. mars 2021 var samþykkt heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa eigin hluti. Samkvæmt heimildinni gátu endurkaupin numið allt að 10% af útgefnu hlutafé félagsins. Á grundvelli heimildarinnar samþykkti stjórn félagsins að hefja endurkaup á eigin hlutum félagsins fyrir allt að 9,9% af útistandandi hlutum, eða 2 milljörðum króna að kaupvirði. Endurkaupin hófust með öfugu tilboðs fyrirkomulagi sem fram fór dagana 7.-9 janúar 2022. Í lok endurkaupa skv. tilboðsfyrirkomulagi átti Sýn hf. 20.750.000 hluti, eða sem nam um 7% af útgefnu hlutafé félagsins. Í kjölfarið ákvað stjórn Sýnar að halda áfram endurkaupum eigin hluta á grundvelli endurkaupaáætlunar. Endurkaupaáætluninni lauk þann 3. mars 2022 og í lok hennar átti félagið samtals kr. 280.645.120 að nafnvirði eða sem nemur 9,47% af útgefnu hlutafé félagsins.

Tilgangur endurkaupanna var að lækka hlutafé félagsins og á þeim grundvelli leggur stjórn félagsins fram tillögu um að lækka hlutaféð um þá eigin hluti sem keyptir voru. Mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutafé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs. Lækkunin verður framkvæmd eftir að lögboðin skilyrði fyrir henni hafa verið uppfyllt, svo sem að fyrir liggi heimild fyrirtækjaskrár RSK.

IV. Dagskrárliður 5. – Breytingar á samþykktum félagsins:

i) Að lækka hlutaféð vegna kaupa á eigin hlutum

Tillaga: Verði tillaga samkvæmt dagskrárlið 4 um lækun hlutafjár samþykkt leggur stjórn til eftirfarandi breytingar á 1. mgr. 4. gr. samþykpta félagsins til samræmis, þannig að málsgreinin verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.683.769.620, tveirmilljarðarsexhundruðáttatíuogþrjámilljónirsjöhundruðsextíuogníupúsundsexhundruðog tuttugukrónur 00/100-.

Greinargerð: Tillagan þarfnast ekki frekari skýringa, en henni er ætlað að stuðla að betri fjármagnsskipan skv. ákvörðun stjórnar.